

Alþingi
Menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2005

Efni: 25. mál - Umsögn um „tillögu til þingsályktunar um fullorðinsfræðslu” frá Starfsgreinasambandi Íslands



Starfsgreinasamband Íslands (SGS) fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og hvetur menntamálanefnd Alþingis til að leggja til við Alþingi að samþykkja tillöguna.

SGS hefur fjallað ítarlega um mikilvægi fullorðinsfræðslu á Íslandi og beitt sér í því sambandi fyrir stofnun fræðslusjóða í þágu launafólks innan SGS, í kjarasamningum við SA og lagt áherslu á aðild aðildarfélaganna SGS að símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni og að Mími, símenntun, í Reykjavík.

Sú staðreynd blasir við, samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar að 35% einstaklinga á vinnumarkaði hafa eingöngu lokið grunnskólanámi eða sambærilegri menntun hér á landi. Þetta hlutfall er enn óhagstæðara á landsbyggðinni og í ýmsum starfsgreinum, t.d. ferðabjónustu er hlutfallið rúmlega 50%. Þar þarf stóratök í fullorðinsfræðslu ef ferðabjónusta á að geta orðið vaxtarbroddur atvinnulífs hér á landi, svo dæmi sé tekið.

SGS nær til 29 aðildarfélaganna „ófaglærðra” sem telja um 45.000 einstaklinga. SGS hefur þess vegna lagt áherslu á mikilvægi þess að virkja þann mannauð sem býr í þessum hópi fólks með aukinni starfs- og símenntun. Mikilvæg skref hafi verið stigin af aðilum vinnumarkaðarins, m.a. með aðkomu þeirra að stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðva, en mun meira fé þarf að koma til frá opinberum aðilum ef starfið á að skila umtalsverðum árangri. SGS bendir á að aðkoma opinberra aðila að fullorðinsfræðslu hefur verið af skornum skammti, en brýnt er að efla símenntun og fullorðinsfræðslu til mikilla muna. Setja þarf fullorðinsfræðslunni ákveðin ramma sem hluta af menntakerfi þjóðarinnar.

SGS lýsir sig reiðubúið til að koma að undirbúningi frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu, en málið varðar félaganna sambandsins miklu, sem og þjóðfélagið í heild.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Skúli Thoroddsen".

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri